



Reglur um úthlutun og leigu á beitar- og ræktunarlandi (túnum) í eigu Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við úthlutun og leigu á beitar- og ræktunarlandi (túnum) í eigu Sveitarfélagsins Skagastrandar gilda eftirfarandi reglur:

A. Úthlutun

1. Land sem ákveðið er að leigja og laust er til umsóknar skal auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.
2. Umsækjandi skal vera lögráða. Þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, skulu njóta forgangs við úthlutun.
3. Einungis er unnt að skila inn einni umsóknum frá aðilum með sama lögheimili.
4. Umsækjandi skal gera grein fyrir því hversu mikið land hann hefur til umráða, bæði eignarland og leiguland, innan sveitarfélagsins og utan. Yfirlit úr fasteignaskrá skal fylgja umsókn.
5. Við úthlutun skal sveitarstjórn meta þörf umsækjanda fyrir leiguland miðað við bústofn og það land sem umsækjandi hefur þegar til umráða, ef eitthvað er.
6. Sveitarstjórn er heimilt að láta umsækjendur sem stunda atvinnustarfsemi sem tengist búfjárhaldi njóta forgangs, enda geti umsækjandi sýnt fram á með skattframtali eða skilagreinum um reiknað endurgjald/launagreiðslur að hann hafi tekjur af starfseminni. Undir þetta geta t.d. fallið rekstur reiðskóla, tamningar, hefðbundinn búskapur og ferðatengd starfsemi, s.s. húsdýragarðar og hestaferðir/hestaleiga.
7. Ef fleiri en ein umsókn er jafngild skal dregið á milli umsókna.
8. Umsókn skal ekki tekin gild ef upplýsingar skv. 4. og 5. lið hafa ekki verið lagðar fram.

B. Leigusamningur

9. Leigusamningar um beitar og ræktunarlönd skulu gerðir til 5 ára í senn. Að leigutíma liðnum skal umsækjandi hafa forleigurétt að landinu til jafnlangs tíma og upphaflegur leigutími, óski hann framlengingar. Skal umsækjandi þá leggja fram gögn um búfjárhald og land sem hann hefur til umráða, sbr. 4. og 5. lið reglna þessara. Ekki skal endurnýja samning ef umsækjandi er hættur búfjárhaldi eða ræktun.
 10. Tilgreina skal í leigusamningi hvort land sem samningur tekur til sé beitarland eða ræktað land/land til ræktunar. Í því skyni að koma í veg fyrir að ræktunarland ónýttist skal land (tún) sem leigt er sem ræktað land ekki nýtt til hrossabeitar.
 11. Leigugjald skal vera skv. gjaldskrá sem sveitarstjórn setur.
 12. Túnum (ræktuðu landi) skal haldið í ræktun. Endurræktun ræktarlands er heimil á leigutímanum. Leigutaki beitarlands skal gæta þess að ofbeita ekki það land sem hann hefur til leigu.
 13. Girðingar leigulands eru á ábyrgð leigutaka og skal beitarland girt gripheldri girðingu.
 14. Óheimilt er að reisa byggingar á leigulandi. Leigutaki beitarlands þar sem hross eru höfð skal þó tryggja þeim skjól í samræmi við reglur þar að lútandi.
 15. Leigutaki sem nýtir hið leigða land til beitar og/eða vörslu dýra skal fara eftir lögum og reglum er varða aðbúnað og fóðrun dýra og dýravernd og ber leigutaki fulla ábyrgð á aðbúnaði dýranna.
-

16. Leigutaki sem hættir búfjárhaldi skal skila landi sem hann hefur haft á leigu inn til sveitarfélagsins. Leigutaka er óheimilt að framleigja, framselja eða afhenda á nokkurn hátt leigurétt sinn að landinu.

17. Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við félög búfjáreigenda um afnot af beitarlandi. Slíkum samningum skal fylgja samþykkt viðkomandi félags um skilyrði sem félögin setja félagsmönnum fyrir afnotum af landi.

18. Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir sem hafa afnot af landi Sveitarfélagsins Skagastrandar við samþykkt þessara reglna halda núverandi afnotum í þrjú ár frá samþykkt en þá verður landið auglýst skv. gr. A1

C. FASTEIGNIR Á LÓÐUM

19. Óheimilt er að reisa varanleg mannvirki á leigulöndum samkvæmt reglum þessum, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í leigusamningi eða með samþykki sveitarfélagsins. Ákvæði þessa kafla taka eingöngu til þeirra tilvika þar sem mannvirki hafa þegar verið reist á leigulandi með heimild eða vitund sveitarfélagsins við gildistöku þeirra. Reglurnar fela ekki í sér almenna heimild til uppbyggingar varanlegra mannvirkja á ræktunar- eða beitarlöndum í eigu sveitarfélagsins.

20. Hafi leiguhafi reist mannvirki á leigðu landi við gildistöku þessara reglna er heimilt við sölu mannvirkis að yfirfæra leigurétt á nýjan eiganda með samþykki sveitarfélagsins. Mannvirki eru eign leiguhafa en leiguréttur til lands fylgir aðeins með samþykki sveitarfélags. Verður þá gerður nýr leigusamningur við nýjan eiganda á grundvelli gildandi reglna svo framarlega sem nýr eigandi uppfyllir þau almennu skilyrði sem fram koma í reglunum, engar vanefndir séu til staðar og notkun samræmist reglum.

D. LEIGURÉTTUR VIÐ ANDLÁT LEIGUHAFNA

21. Við andlát leiguhafa getur maki tekið við leigurétti. Að öðrum kosti fellur rétturinn niður og lóðin rennur aftur til sveitarfélagsins til endurúthlutunar enda ekki að fara fyrir almennum erfðaréttindum. Undir skilgreiningu á maka skv. reglunum fellur sá aðili sem skráður er í sambúð eða hjúskap við þann sem fer með leiguréttinn.

Reglur þessar voru samþykktar af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar þann 6. maí 2026 og taka gildi við birtingu.

Skagaströnd 7. maí 2026

Alexandra Jóhannesdóttir
Sveitarstjóri